



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

STARFSLEYFI

Útgerðarfélag Akureyringa ehf.

Kt. 500209-0620

Austurhlíðarvegi 2

650 Laugum, Reykjadal

- Heitloftspurrkun fiskafurða-

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Útgáfa starfsleyfis var samþykkt á 232.fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra 15. nóvember 2023.

Gildir til: 15. nóvember 2024

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

Starfsleyfishafi:	Útgerðarfélag Akureyringa ehf.
Kennitala:	500209-0620
Starfsemi:	Heitloftspurrkun á fiskhausum og beinum
Starfsstöð:	Austurhlíðarvegi 2, Laugum í Reykjadal
Gildistími starfsleyfis:	frá 15. nóvember 2023 til 15. nóvember 2024

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- Starfsleyfi þetta gildir fyrir heitloftspurrkun fiskafurða starfsleyfishafa á ofangreindri starfsstöð.
- Starfsleyfið er gefið út samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði skulu ávallt vera aðgengileg á starfsstöð. Skyld er framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.
- Starfsleyfishafa ber að tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra samkvæmt þeim, sem og í samræmi starfsleyfisskilyrði og önnur lög og reglugerðir sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma.

2. Hráefni

- Heimilit er að taka á móti allt að 9.000 tonnum af hráefni árlega.
- Allt hráefni sem unnið er í starfsstöðinni skal vera ferskt og tekið til vinnslu svo fljótt sem verða má eftir móttöku.
- Starfsleyfishafi skal starfrækja innra eftirlit þar sem meðal annars koma fram kröfur um ferskleika hráefnis skv. skynmati. Ferskleiki hvernar hráefnislotu skal metin með skynmati fyrir vinnslu, sé hráefni metið óhæft til vinnslu skal það flutt burtu svo fljótt sem verða má.
- Hráefni til vinnslunnar skal flutt kælt í heilum ílátum og í lokuðum, lekaheldum flutningstækum eða eftir lokuðum flutningskerfum beint frá fiskvinnslu.
- Allt hráefni sem skal geymt í kældri geymslu innan dyra áður en það er tekið til vinnslu.

3. Lóð og umhverfi

- 3.1. Starfsleyfishafi skal halda lóð og athafnasvæði fyrirtækisins hreinu og snyrtilegu. Gæta skal að því að á athafnasvæðinu safnist ekki fyrir hlutir eða búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi.
- 3.2. Starfsleyfishafi ber ábyrgð á því að lóðamörk séu virt og að notkun húsnæðis og lóðar sé í samræmi við gildandi skipulag.
- 3.3. Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun.

4. Mengunarvarnir

- 4.1. Starfsleyfishafa ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist.
- 4.2. Starfsleyfishafa ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og að tekið sé mið af bestu fánlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 4.3. Ristar eða körfur sem fanga grófan úrgang skulu vera í niðurföllum í vinnslusal og í hráefnisgeymslum sem og á plani þar sem ætla má að lífrænn úrgangur falli til.
- 4.4. Fráveituvatn frá vinnslusölum og hráefnisgeymslum skal forhreinsa í fituskilju, sandskilju, slógbrunni eða öðrum hreinsibúnaði áður en því er veitt í viðtaka eða fráveitukerfi viðkomandi sveitarfélags.

Eftirfarandi losunarmörk gilda fyrir frárennslisvatn vinnslunnar

Efnisþáttur	Losunarmörk
Fita/ olía	100 mg/l
Svifagnir	500 mg/l
COD (efnafræðileg súrefnisþörf)	1.000 mg/l
Heildarsúlfat	500 mg/l

Starfsleyfishafa skal láta taka sýni af fráveituvatni á starfsleyfistímanum þar sem ofantaldir efnisþættir eru rannsakaðir. Niðurstöðum skal skila til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Ef losun mælist yfir losunarmörkum getur heilbrigðisnefnd krafist frekari hreinsunar á fráveituvatni. Um fráveitur gildir reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp.

- 4.5. Frárennsli frá salernum, kaffistofu og starfmannaaðstöðu skal leiða í fráveitukerfi viðkomandi sveitarfélags. Þar sem það er ekki framkvæmanlegt skal hreinsa frárennsli í hreinsibúnaði í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp, áður því er veitt í viðtaka.
- 4.6. Starfsleyfishafa ber að koma í veg fyrir lyktarmengun frá starfseminni með því að vinna ferskt hráefni og tryggja að úrgangur og hráefni sem er óhæft til vinnslu safnist ekki upp á athafnasvæði fyrirtækisins.
- 4.7. Útblástursloft frá þurrklefum og vinnslusölum skal hreinsað með lofthreinsibúnaði. Notast skal við óson eða sambærilegt efni til lyktheydingar í þurrklefum. Allt loft úr eftirþurrkun skal leitt í þvottaturn áður en því er sleppt út í umhverfið.

- 4.8. Starfsleyfishafi skal draga úr hávaða frá verksmiðjunni eins og kostur er og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Á starfsleyfistímanum skal starfsleyfishafi láta mæla hávaða frá starfseminni. Mælingin skal gerð þegar vinnslan er á fullum afköstum. Miða skal við að hávaði á lóð fyrirtækisins og í nærliggjandi íbúabyggð uppfylli þær kröfur sem fram koma í töflu III í viðauka reglugerðar 724/2008.
- 4.9. Um kælikerfi og kælimiðla skal m.a. fara eftir reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins og reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, eftir því sem við á.

5. Meðferð Úrgangs

- 5.1. Draga skal eins og unnt er úr myndun úrgangs. Stefnt skal að endurnotkun og endurnýtingu hans svo sem kostur er. Beita skal bestu aðgengilegri tækni við meðhöndlun úrgangs.
- 5.2. Allur úrgangur skal færður til viðeigandi meðhöndlunar, annaðhvort beint til endurnýtingar eða ágrenndar-, móttöku- eða söfnunarstöð, og þaðan til endurnýtingar eða förgunar.
- 5.3. Meðhöndlun úrgangs skal vera með þeim hætti að óþrifnaður og óþægindi stafi ekki af. Við flutning og geymslu úrgangs skal gæta þess að ekki hljótist af mengun eða annar skaði fyrir umhverfi
- 5.4. Spilliefni, úrgangsolíu og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um úrgang gilda m.a:

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni
- Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1. Starfsleyfishafi skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Eftirfarandi ber skrá reglulega:
 - a. Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum
 - b. Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
 - c. Þjónustu og viðhald kælikerfa, magn og gerð kælimiðils sem bætt er á kerfin
 - d. Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðva
 - e. Kvartanir sem berast vegna starfseminnar
 - f. Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða er varða starfsemina.

7. Sérstakar kröfur vegna starfsleyfis

7.1. Á starfsleyfistímanum skal starfsleyfishafi uppfylla eftirfarandi skilyrði:

7.1.1. Gera ráðstafanir þannig að fráveituvatn frá starfseminni uppfylli þær kröfur sem koma fram í grein 4.4

7.1.2. Ljúka uppsetningu og frágangi við lykkeyðingarbúnað í samræmi við lið 4.7

7.1.3. Láta mæla hávaða frá starfseminni í samræmi við lið 4.8

15. nóvember 2023

fh. Heilbrigðisnefndar

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRA**



Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Fylgiskjal III

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.	550/2018	
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/198 0	
1.3	Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/201 2	



2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorphát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásunum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/201 8 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.	798/1999	



3.4	Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999	
4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999	
4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	806/1999 11. gr.	
4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

5. EFTIRLIT

	Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998	

Starfsleyfisábyrgðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.



Greinargerð með útgáfu starfsleyfis fyrir Útgerðarfélag Akureyringa ehf., vegna heitloftspurrkunar fiskafurða á Laugum í Reykjadal

Umsókn Útgerðarfélag Akureyringa ehf. kt. 500209-0620 um starfsleyfi vegna heitloftspurrkunar fiskafurða að Austurhlíðarvegi 2 á Laugum í Reykjadal ásamt athugasemdum sem bárust við starfsleyfistillögu var tekin fyrir á 232. fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra þann 15. nóvember 2023.

Eftirfarandi var fært til bókar:

9. Útgáfa starfsleyfis fyrir Útgerðarfélag Akureyringa ehf., vegna heitloftspurrkunar fiskafurða á Laugum í Reykjadal

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu HNE þann 13. september sl. og gefin fjögurra vikna frestur til athugasemda í samræmi við kröfur sem fram koma í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Tólf aðilar sendu inn athugasemdir við tillöguna. Allir aðilar sem sendu inn athugasemdir gerðu athugasemdir við lykt sem berst frá starfseminni, einnig voru gerðar athugasemdir við hávaða, hreinsun frárennslisvatns, staðsetningu og fleira.

Heilbrigðisnefnd bendir á mikilvægi þess að allur atvinnurekstur sé í sem mestri sátt við nærumhverfi sitt. Að teknu tilliti til eðlis og fjölda þeirra athugasemda sem við tillöguna bárust leggur nefndin til að í starfsleyfi verði gerðar auknar kröfur til mengunarvarna og vöktunar umfram það sem gert var í auglýstri tillögu. Jafnframt að gildistími starfsleyfisins verði takmarkaður við eitt ár. Starfsmönnum HNE falið að gefa út starfsleyfi í samræmi við ofangreint með gildistíma í eitt ár.

Í útgefnu starfsleyfi eru gerðar skýari kröfur til lyktheyðingarbúnaðar og meðhöndlun útblásturslofts. Sett eru losnarmörk á frárennslisvatn frá vinnslunni og gerð er krafa um að hávaði frá starfseminni verði mældur. Þá gildistími starfsleyfisins takmarkaður við eitt ár.

Vakin er athygli á því heimilt er að kæra útgáfu starfsleyfisins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um eða mátti vera kunnugt um þá ákvörðun sem kæra skal. Á heimasíðu úrskurðarnefndarinnar (www.uua.is) er að finna nánari [leiðbeiningar](#) um hvernig standa skuli að kæru til nefndarinnar

f.h. Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi